

STYRKUPPHÆÐIR ERASMUS + NÁM OG ÞJÁLFUN 2015

Markhópur: Starfsfólk í leik-, grunn- og framhaldsskólum, starfsmenntun og fullorðinsfræðslu.

Einstaklingsstyrkur

Einstaklingsstyrkur er til að greiða kostnað vegna dvalar eins og t.d. uppihald, tryggingar o.fl. Gefin er út hámarksupphæð á dag. Heildarupphæðin miðast við dvalarlengd og er mismunandi eftir löndum.

Athugið að lágmarksdvöl eru 2 dagar að ferðadögum frátöldum.

Einstaklingsstyrkur í evrum; uppihald og tryggingar í eftirfarandi löndum -	Dagur 1-14	Dagur 15-60
EE, HR, LT, SI	100	70
PT, DE, ES, LV, MK, MT, SK	120	84
AT, BE, BG, CY, CZ, EL, FI, FR, HU, IT, LI, LU, NO, PL, RO, TR	140	98
DK, IE, NL, UK, SE	160	112

Ferðastyrkur

Veittur er fastur stuðningur við ferðakostnað. Upphæðin miðast við fjarlægð frá brottfararstað til áfangastaðar.

Styrkuppæðir í evrum

Fjarlægð í km	Stuðningur
500 - 1999	275
2000 - 2999	360
3000 – 3999	530
4000 - 7999	820
8000 og meira	1100

Umsýslustyrkur

Styrkur til stýristofnana til að standa straum af kostnaði við skipulag og framkvæmd verkefna (fyrir utan einstaklingsstyrk þátttakenda). Innifalinn er undirbúningur, þ.m.t. menningar og tungumálaundirbúningur þátttakenda, stuðningur og eftirfylgni meðan á dvöl stendur og mat eftir að dvöl lýkur. Einnig má nýta skipulagsstyrk t.d. til að senda fleiri þátttakendur til dvalar erlendis, greiða námskeiðsgjöld o.fl.

Styrkurinn miðast við fjölda þátttakenda í verkefninu	350 evrur: 1 – 100 þátttakendur 200 evrur: yfir 100 þátttakendur
---	---

Styrkir fyrir fatlaða einstaklinga og/eða fólk með sérstakar þarfir

Til að tryggja jafnan aðgang allra að áætluninni er mögulegt að sækja um viðbótarstyrk vegna náms og þjálfunar fatlaðra einstaklinga. Færa þarf rök fyrir áætluðum kostnaði í umsókn og miðast styrkurinn við raunkostnað sem er greiddur þegar viðkomandi fer til dvalar erlendis.

Viðbótarstyrkur getur t.d. verið vegna ferða á áfangastað, húsnæðis, aðstoðarmanns, læknis- og sjúkraþjálfunar í dvalarlandi, vegna sérstakra námsgagna o.fl.